



Reykjavík, 20. ágúst 2019
SFS2019040038
167. fundur
HG/sp/res

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson

Efni: *Varðandi tillögu um vetrarleyfi starfsmanna frístundaheimila.*

Á fundi skóla- og frístundaráðs 9. apríl 2019 lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í skóla- og frístundaráði fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að starfsmenn frístundaheimila fái frí þegar grunnskólar borgarinnar fara í vetrarleyfi. Þannig er gætt jafnræðis milli starfsmanna skólanna enda stendur nemendum ekki til boða þjónusta frístundaheimilanna í vetrarleyfum.

Frístundaheimilin hafa á ársgrundvelli þrjú formlega skipulags- og fræðsludaga sem þau geta stýrt. Vetrarfrisdagar grunnskólanna eru fimm á skólaári og af þeim eru þrír skilgreindir sem fræðslu- og skipulagsdagar frístundaheimilanna og tveir skilgreindir í starf á vegum frístundamiðstöðva sem bjóða upp á tilboð til fjölskyldna í vetrarfríum grunnskólanna.

Það eru ekki margir starfsmenn frístundaheimila sem óska eftir að taka orlof eða leyfi á vetrarfrisdögum en komið er til móts við þá sem þess óska að taka sér orlof eða launalaust leyfi til að vera með börnum sínum í vetrarfrí grunnskólanna. En þess má geta að af þeim rúmlega 1000 starfsmönnum sem starfa á frístundamiðstöðvum eru um 100 sem eiga börn á grunnskólaaldri. Hlutastarfsmenn hafa átt möguleika á því að færa til vaktir og vinna af sér til að skapa möguleika á að vera í leyfi hluta vetrarleyfisins. Fræðsla og vinnuskylda t.d. á hverfahátíðum frístundamiðstöðvanna í borgarhlutunum er skipulögð með það í huga.